

**Nd.**

**73. Frumvarp til laga**

[67. mál]

um happdrættislán ríkissjóðs til að fullgera Djúpveg og opna þannig hringveg um Vestfirði.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Karvel Pálmason, Matthías Bjarnason.

**1. gr.**

Ríkissjóður gefur út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf samtals að fjárhæð 60 milljónir króna. Happdrættisskuldabréfin skulu gefin út fyrir marslok 1974.

**2. gr.**

Happdrættisskuldabréfin, sem eru gefin út til handhafa og hvert að fjárhæð a. m. k. 1000 krónur, falla í gjalddaga að 10 árum liðnum frá útgáfudegi þeirra.

3. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda endurgreiðslu höfuðstóls vísitölu.

4. gr.

Af skuldabréfunum eru ekki greiddir vextir, en vinningum úthlutað í samræmi við útdrátt númera, sbr. 6. gr.

5. gr.

Skuldabréfin eru undanþegin framtalsskyldu og eignarsköttum, en vinningar, svo og verðbætur, undanþegin tekjuskatti og tekjuútsvari.

6. gr.

Árleg fjárhæð vinninga skal nema 7% af heildarfjárhæð skuldabréfanna, og ber að draga um þá einu sinni á ári. Fjármálaráðuneytið ákveður tölu vinninga, fjárhæð þeirra hvers um sig og útdráttardag.

Á happdrættisskuldabréfunum skal tilgreindur útdráttardagur.

7. gr.

Reglur XIX. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936 um mál til ógildingar skjala o. fl. gilda ekki um skuldabréf samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Fjármunir þeir, sem inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til greiðslu kostnaðar við að ljúka Djúpvegi og opna þannig hringveg um Vestfirði.

Kostnaður við framkvæmd þessarar fjáröflunar greiðist af söluverði skuldabréfanna.

9. gr.

Fjármálaráðherra setur reglugerð um lánid með nánari reglum um lánskjör og önnur atriði, er varða framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Vegagerð ríkisins hefur gert lauslega áætlun um, að vanta muni um 55 milljónir króna til að fullgera Djúpveg, þegar unnið hefur verið fyrir þær 50 milljónir, sem á vegáætlun eru til þeirrar vegagerðar. En á þessu hausti hefur þegar verið unnið fyrir nokkurn hluta þeirrar upphæðar.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að brennandi áhugi Vestfirðinga á því, að þessari langþráðu vegagerð verði lokið, skuli hagnýttur á þann hátt, að ríkissjóður gefi út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf að upphæð 60 milljónir króna, og skuli þannig aflað fjár til lokaáfangans í Djúpvegi og opunar hringvegur um Vestfirði.

Hér er, eins og menn sjá, farið inn á nákvæmlega sömu braut um fjáröflun og farin var til úrslitaáttaksins um opnun hringvegur um landið.

Öll ákvæði frumvarpsins um lánstíma og lánskjör þessa happdrættisláns ríkissjóðs eru samhljóða ákvæðum laganna um happdrættislán ríkissjóðs vegna vega- og brúargerða á Skeiðarársandi.

Bréfin falla þannig í gjalddaga að liðnum 10 árum frá útgáfudegi þeirra. Áætlunin er, að þau séu verðtryggð á þann hátt að binda endurgreiðslu höfuðstóls vísitölu. Vextir verði ekki greiddir af bréfunum, en vinningum úthlutað í samræmi við útdrátt númera, svo sem segir í 6. gr. frumvarpsins.

Fleira þarf ekki að taka fram til skýringar á sjálfu efni frumvarpsins.

En hér er um mjög þýðingarmikið samgöngumál Vestfirðinga að ræða, auk þess sem það hefur mikla almenna þýðingu. Ísafjarðarkaupstað er það að sjálfsögðu brún nauðsyn að komast í beint akvegasamband við sveitabyggðirnar við Djúp, og Djúpmönnum á sama hátt nauðsyn að komast í beint akvegasamband við verslunar- og viðskiptamiðstöð sína, Ísafjarðarkaupstað.

Að vonum hefur mikillar óþreyju gætt vegna þess, hversu sorglega seint hefur gengið að ná endum saman í Djúpvegi, svo að sumir hafa jafnvel flokkað þessa framkvæmd undir eilífðarmálin.

En nú hyllir þó loks undir lokaframkvæmd, og er með frumvarpi þessu skírskotað til Vestfirðinga að sýna áhuga sinn í verki og leggja sjálfir fram það fé, sem á vantar til að fullgera hinn langbráða veg um fagrar byggðir Djúpsins.

Við, Vestfirðingar, viljum ekki viðurkenna, að opnaður sé hringvegur um landið, fyrr en lykkjan er einnig lögð um byggðir Vestfjarða, og þeir þannig orðnir innan hringsins, en ekki utan.

Málið er flutt af öllum þingmönnum Vestfjarða í neðri deild, en rétt er að taka fram, að það nýtur einnig stuðnings þeirra Vestfjarðabíngmanna, sem sæti eiga í háttvirtri efir deild, og er flutt í fullu samráði við þá.